

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÐ

FARTÖLVU- HASAR

emachines EMACHE350

Örgjörvi	Intel Atom N450 1,66GHz
Vinnsluminni	1024MB DDR2 max 2048MB
Harður diskur	160GB 5400SN
Skjár	10,1" (1024x600)
Tengi	Innbyggð vefmyndavél, 2 USB tengi, minniskortalesari, þráðlaust netkort, 802.11 b/g/n, 10/100 netkort, VGA, Nei
Drif	Windows 7 Starter
Stýrikerfi	
Þyngd	1,25 kg
Raflaða	4 - 8 klst. fer eftir notkun
Ábyrgð	2 ára neytendaábyrgð

10,1"

39.995

eða 3.728 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 44.736 kr.

TOSHIBA SATR63013T

Örgjörvi	Intel Dual Core i3 370M 2,4GHz
Vinnsluminni	4096 DDR2 1066MHz
Harður diskur	320GB 5400SN SATA
Skjá kort	Intel GMA 4500MHD 1695MB (deilt)
Skjár	13,3" (1366x768)
Tengi	2 USB tengi, þráðlaust netkort b/g/n, 10/100 netkort, innbyggð vefmyndavél 1,3mpix, HDMI, VGA, minniskortalesari, CD og DVD skrifari
Drif	Li-Ion 6 sellu dugar í allt að 8,5 klst.
Raflaða	Windows 7 Home Premium
Stýrikerfi	
Þyngd	1,43 kg
Ábyrgð	2 ára neytendaábyrgð

13,3"

139.995

eða 12.311 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 147.732 kr.

13,3"

192.995

eða 17.032 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 209.532 kr.

MacBook Pro (Z0LY)

Örgjörvi	Intel Core 2 Duo i5 2,3GHz
Vinnsluminni	4096 DDR3 1333MHz
Harður diskur	320GB 5400SN SATA
Skjá kort	Intel HD graphics 3000 með 384MB af DDR3 (deilt)
Skjár	13,3" (1280x800)(2560x1600 í aukaskjá)
Tengi	2 USB tengi, þráðlaust netkort Airport Extreme 802.11n, 10/100/1000 netkort, Bluetooth, vefmyndavél 1,3mpix. Sameinað hljóðrænt og stafrænt hljóðtengi, Mini-DVI skjátengi, Fire wire tengi, SD kortarauf, Thunderbolt tengi (10Gbps)
Drif	CD og DVD skrifarar
Raflaða	Allt að 7 klst. ending (fer eftir notkun)
Stýrikerfi	Mac OS X Snow Leopard

**0 KR.
ÚT Á LAND**

Frír sendingarkostnaður
á fartölvum út á land
í vefverslun og símsölu

**TVEIR HEPPNIR
FÁ FARTÖLVUNA
ENDURGREIDDA!
DREGIÐ 3. OKTÓBER**

HELKO

EINFALDEGA LÆGRA VERÐ
LINDIR-SKEIFAN-GRANDI-VEFVERSLUN

Forsíðufyrirsætumar **Karl Berndsen** og **Davíð Berndsen** eru fjórmenningar.



Mynd/Arni Sæberg

ÚLFUR Á GÆRU

Þeir **Helgi Sæmundur Kaldalón Guðmundsson** og **Arnar Freyr Frostason**, halda á heimaslóðir um helgina. Þeir ásamt **Þorbirni Einari Guðmundssyni** mynda rappsveitina **Úlfur Úlfur** sem mun troða upp á Gærinni á Sauðárkróki.

„Gæran var haldin í fyrsta skiptið í fyrra og ég var með í því að skipuleggja þá hátíð. Okkur fannst vanta tónlistarhátíð fyrir Norðan, það eru tónlistarhátíðir á öllum öðrum landshornum. Í ár á þetta að vera stærra og veglegra enda lærðum við margt af hátíðinni í fyrra,“ segir Helgi Sæmundur.

Hátíðin stendur yfir frá fimmtudegi til laugardags og hafa margir listamenn boðað komu sína. Fimmtudagskvöldið er lágstemmdara með sóló-listamönnum og trúbadorum en á föstudegi og laugardegi eru haldnir tónleikar með stærri hljómsveitum. Hátíðin er haldin í gamalli súdunarverksmiðju og dregur hátíðin nafn sitt af þeirri staðreynd. „Allir veggir eru skreyttir með gærum, sviðinu og hljóðkerfi er skellt upp og svo er allt keyrt í gang.“

Aðspurður segir Helgi að það megi líta svo á að þegar þeir félagar troði upp á hátíðinni sé það

eins konar úlfur í sauðagæru og hann tekur grín- ið enn lengra. „Svo erum við að spá í að tala við strákana í Valdimar og taka kannski eitt lag með þeim og saman gætum við myndað hljómsveitina Úlf-Valdi. Það ætti að vera auðvelt þar sem þeir eru rétt eins og við að spila á föstudagskvöldinu. Það er býsna þétt dagskrá það kvöldið en þá troða líka upp Múgsefjun, Biggi Bix, Morðingjarnir, Sverrir Bergmann, Geirmundur Valtýrs og svo stígur Emmsjé Gauti á svið með okkur ásamt því að taka sjálfur sín helstu lög.“

Listin blómstrar á Króknum

Sverrir Bergmann gerði það gott hér á landi í upphafi síðasta áratugar og þá unnu þeir Helgi og Arnar músiktilraunir árið 2009 með þáverandi hljómsveit sinni, Bróður Svartúlfs. „Það er slatti af hljómsveitum í bænum og í dag eru fleiri starfandi hljómsveitir heldur en á mínum

yngru árum. Þá voru ef til vill fjórar en núna eru þarna sex eða sjö svo það er nóg um að vera í tónlistarlífinu. Svo er svo gaman hvað það eru margar skagfirskar hljómsveitir að stíga á stökk á hátíðinni og við erum mjög spenntir fyrir því að spila í heimbænum enda ekki spilað þar síðan á Gærinni í fyrra“

Svartúlfurinn látinn

En er Bróðir Svartúlfs dáinn? „Já, hann dó og við komum allir að því að drepa hann. Úlfur Úlfur átti alltaf að vera svona hliðarverkefni en þegar Svartúlfurinn dó þá var lítið annað í stöðunni en að taka þetta nýja verkefni enn lengra.“

Forsíðufyrirsæta Monitor þessa vikuna syngur lag ásamt Bubba Morthens sem ber sama heiti og hljómsveit Helga. „Við stofnuðum hljómsveitina áður en lagið kom út en það er ekki hægt að vera reiður út í lagið af því að það er svo fjandi gott.“

Monitor mælir með

FYRIR SÆLKERA

Á laugardaginn verður hinn árlegi ísdagur Kjörís haldinn hátíðlegur í Hveragerði. Bernaisesósúis, Hverarúgbrauðsís, pítsúis og rósaís verða meðal annars á boðstólum fyrir forvitna gesti en þeir sem vilja ekki gerast svo djarfir geta fengið Krapís og hinn klassíska Kjörís í massavís.




FYRIR LÍKAMA OG SÁL

Sundlaugin Laugaskarði í Hveragerði er ekki af verri endanum og væri tilvalið að skella sér í smá afslöppun um helgina, fyrir eða eftir ísátíð. Fjórar stjörnur af fimm mögulegum á Sundlaugar.is sem segja allt sem segja þarf.



Í SPILARANN

Platan Numbers Game er nýttkomið afsprengi samstarfs tónlistarmanna Péturs Ben og Ebergs. Hér er á ferðinni dúndurflott plata sem allir ættu að hlusta á og skella sér á útgáfutónleikana. Nánari upplýsingar í Fílófaxinu.



Vikan á...

facebook



Edda Sif Pálsdóttir - þú varst áreiðanlega í MR ef þú situr núna æstur yfir því að finna eitthvað sniðugt MR grín til að skrifa á þessa síðu. 9. ágúst kl. 00:52



Kristmundur Axel er á spáni með vinunum ásamt 300 MSingum, Mlingum, MKingum og BILLJÓN Íslendingum, hef aldrei skemmt mér jafnvel á ævi minni, mer er alltof heitt hérna, Ást á ykkur heima, hahahhahahahaha vá thetta er svo fokin gaman 9. ágúst kl. 00:48



Matthías Vilhjálmsson 3. sigurinn í röð og kallaður inn í landsliðshópinn! Er að fílaða :) 7. ágúst kl. 21:58



Annie Mist Þórisdóttir Poring down in Boston guess there's nothing to do but go shopping! =) 7. ágúst kl. 16:35



Jóhannes Ásbjörnsson Sit í sérdeilis frábæru yfirlæti í Menningarsetri Dalvíkur. Fishy town! Ellen Degeneres var að labba framhjá með babkoka. Hún talar þýsku! 6. ágúst kl. 9:13

Feitast í blaðinu

Leiklistameminn **Hreindís Ylva** er fjölhæf stúlka sem var að gefa út plötu. >>4

Berglind Árnadóttir eða *Begga* kennir fatahönnun og rekur fataverslun. >>6

Davíð Berndsen hittir *Bubba* fyrst í ræktinni og stefnir á að taka þátt í Eurovision. >>8

Enski boltinn fer af stað um helgina. **Monitor** hitar upp fyrir átökin. >>13

Ragnar Þórhallsson ætlar til *New York* að húðflúra á sig köflotta skyrtu. >>14

Efst í huga Monitor

Bob er með'etta

The sun is shining, the weather is sweet,“ söng Bob Marley hér um árið. Það er svo magnað hvað þessi blessaði eldhnöttur getur auðveldað allt okkar daglega líf. Allir verða glaðir, allir verða ljúfir og allir gleyma öllum áhyggjum. Fólk þeysist um grund með bros á vör og laglínar. „Everything is gonna be alright“ ómar í höfði þess. Litla upphitaða vikin sem kennd er við Nauthól fyllist af fólki, Lónið bláa iðar af lífi og allt í einu keppast



allir við að borða utandyra. Sumir ganga svo langt að fá sér jafnvel bara rjómaís í kvöldmatinn, en það eru bara þeir allra hörðustu. Við sjáum elskendur leiðast hönd í hönd. Kyssast. Þeir eiga stefnumót. Halda áfram út í óvissuna en hafa sjaldan verið

eins örugg með tilveruna. Það er núið sem skiptir máli. Að lífa og að elska. „Could you be loved and be loved?“

Búðu til hringitóna



vodafone.is

spurði Marley og svarið er já. Njótið þess sem eftir er af sumrinu. Það er svo sweet.

ELDRI BORGARAR ÁNÆGÐIR

Hreindís Ylva syngur lög Erlu Þorsteins á nýútkominni plötu sinni og segir eldri borgara kunna vel að meta framtakið.

HREINDÍS YLVA Á 60 SEKUNDUM

Fyrstu sex? 010389

Uppáhaldsmatur? Alltof margt!

Uppáhaldskvikmynd? Þær eru nokkrar en Sound of Music og Parent Trap eru báðar klassik sem ég hef haldið upp á lengi.

Uppáhaldssjónvarpsáttur? Tveir mjög ólíkir, The Apprentice og One Tree Hill

Fyrirmynd í lífinu? Fullt af fólki, reyni bara að læra af öllum sem standa sig vel.

Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm kemur lesendum eflaust kunnuglega fyrir sjónir enda er hér á ferðinni ein af aðalleikkonum í kvikmyndinni Óróa sem frumsýnd var á síðasta ári. Fyrir ári síðan hóf hún leiklistarnám í Guildford og gaf nýlega út plötu til heiður Erlu Þorsteinsdóttur ásamt hljómsveit sinni. Þann 4. september næstkomandi fagnar Hreindís útgáfunni á veglegum útgáfutónleikum og geta áhugasamir nálgast miða á Midi.is.

Hvernig kannt þú við þig úti í Guildford? Ég kann rosalega vel við mig þar, frábær bær og stutt að skreppa til London í stórborgarlífið og leikhúsin.

Langaði þig frekar að læra leiklist þar en hér heima? Já, mig langaði til að fara út, skipta um umhverfi og læra að tala annað tungumál eins og innfædd á sama tíma og ég lærði leiklist. Ég er mjög ánægð að hafa farið út, á orðið yndislega vini úti og skólinn stendur undir öllum væntingum og rúmlega það.

Förstu í þrjú fyrir LHÍ? Já. Ég komst ekki inn og þó það sé alltaf leiðinlegt var ég ekkert miður mín því þó Ísland sé yndislegt og LHÍ án efa góður skóli þá er Ísland lítið og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir marga að prófa að búa annars staðar í smá tíma og mig þar á meðal.

Hefur þú alltaf sungið mikið? Já, alveg frá því ég var smástelpa. Svo byrjaði ég í kór 7 ára og í gegnum þann kór kynntist ég leiklistinni og hef ekki stoppað síðan, hvorki í tónlist né leiklist.

Hefur þú lært söng? Já, ég fór á allskonar námskeið þegar ég var lítil og stundaði nám í klassískum söng þegar ég var 14-17 ára en það var ekki alveg mín hilla svo ég sótti um á djass- og rokkbraut Tónlistarskóla FÍH og var þar í fjögur ár og lauk miðprófi áður en ég fór út.

Spilar þú á einhver hljóðfæri? Ég æfði á flautu á grunn- og menntaskólaárunum hjá Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og hef svo haldið flautuspilinu við bara sjálf síðan, meðfram því að kenna sjálfri mér á píanó og svo hef ég aðeins glamrað á gítar líka. Ekkert sem getur kallast tónlist komið á gítarinn ennþá (hlær).

Semur þú líka tónlist? Ég hef ekki gert mikið af því en finnst það samt mjög skemmtilegt og langar að gera meira af því. Ég hélt ég gæti það ekki þangað til ég þurfti að gera það fyrir stigspróf í FÍH, settist bara niður og dreif í því.

Af hverju Erla Þorsteins? Lögin hennar eru svo yndisleg og þó margir hafi tekið eitt og eitt þeirra hefur enginn heiðrað hana á þennan hátt, með heilum tónleikum eða plötu með endurgerð laganna. Svo er hún líka úr Skagafirði eins og móðurættin mín.

Kæmi til greina að halda nokkra tónleika fyrir eldri borgara til að fylgja plötunni eftir? Það kemur til greina að halda tónleika fyrir alla sem vilja hlusta! En eldri borgarar sem hafa komið á tónleikana hingað til hafa kunnað virkilega vel að meta tónlistina og að við unga fólkið séum að vasast í þessum lögum sem þau þekkja svo vel.

Hvernig væri draumagiggið þitt? Ég held að ég hafi nú þegar klárað gigg sem er eiginlega draumagigg þegar ég hélt tónleika til að safna pening fyrir leiklistarnáminu og flutningunum út og fékk fullt af vinum mínum til að spila og syngja. Það varð svo að kveðjupartýi líka og hefði ekki getað verið skemmtilegra. Svo væri reyndar ekki leiðinlegt að taka þátt í Eurovision einn daginn með flott lag.

Hvað ert þú að hlusta á núna? Ég er að hlusta á nýju plötuna með Jóni Jónssyni sem mér finnst alveg frábær. Ekta svona sumarplata, skemmtileg stemning í henni. Fær toppeinkunn!



Taktu öðruvísi myndir



vodafone.is





Myndir/Arnór Halldórsson

ALLTAF STUÐ Á SVÍNARÍ
EN ÞETTA ER EKKI LÁRA RÚNARS



FRIDRIK DÓR SÁTTUR MEÐ
TRYLLTAN LÝÐINN



EMMSJÉ GAUTI TÓK EITT
STYKKI LAG MEÐ ÚLFI ÚLFI

Smekkfullt á Svínaríinu

Síðastliðinn föstudag var fimmta **Svínariíð** haldið hátíðlegt á **Faktorý**. Troðið var út úr dyrum og **Friðrik Dór**, **Úlfur Úlfur** og **Jón Jónsson** voru í svínslega góðum gír.



STEINI GUÐJÓNS Í
SVADALEGU GÍTARSÓLÓI



ÚLFUR ÚLFUR GERÐU
ÚLFALDA ÚR MÝFLUGU



NONNI SPRENGJA
OG HLJÓMSVEIT



Vertu rétt stilltur



vodafone.is



SMELLA MYND
AF MÉR BLIND
ÉG ER TIL Í ÞAÐ



Snjallsími á frábæru verði

Vorum að fá í sölu nýjan 3G snjallsíma frá Vodafone

Vodafone 858 Smart

- Android 2.2 stýrikerfi
- 2MP myndavél
- WiFi og GPS

Verðið á þessum öflugna síma er ótrúlegt eða aðeins

22.990 kr.

Kynntu þér málið í næstu verslun eða á vodafone.is

vodafone.is





BEGGA BJÚTÍ
BYR Í BARCELONA



Myndir/Árni Sæberg

Kvenleg og draumkennd

Berglindi Árnadóttur þykir kúrekahattar virkilega ósmekklegir og gæti ekki verið án Aloe Vera-gels. Vinir hennar kalla hana Beggu.

Berglind Árnadóttir opnaði búðina The Work Shop ásamt Helgu Lilju Magnúsdóttur fyrr í sumar. Að sögn Berglindar eða Beggu, eins og hún er yfirleitt kölluð, hefur búðin fengið frábærar viðtökur og verður opin lengur en upphaflega var áætlað. Berglind hefur sopið marga fjöruna þegar kemur að fatahönnun og kennir við skólann IED í Barcelona um þessar mundir. Monitor fékk að forvitnast aðeins um Beggu og fatahönnun hennar.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að opna þína eigin búð?

Ég tók þessa ákvörðun um síðustu júl þegar ég var hérna heima í fríi. Ég átti nefnilega lager af vörum og langaði að koma heim og láta reyna á þetta. Í janúar hóf ég svo undirbúning til að geta opnað búðina í sumar og var svo ótrúlega heppin að kynna Helgu Lilju sem á Helicopter. Hún var til í samstarf þannig að þetta gekk alveg rosalega vel.

Hvernig viðtökur hefur búðin fengið? Alveg frábærar, betri en ég þorði að vona.

Hvernig föt finnst þér skemmtilegast að hanna?

Ég dett oft í að hanna finni klæðnað fyrir konur en ég er með allt frá kvöldkjólum til þrjónavara, reyndar alltaf með mjög kvenlegu yfirbragði.

Hannar þú bara fyrir konur? Hingað til hef ég gert það. Ég hefði alveg gaman af að gera línu fyrir karlmenn og það gæti vel gerst einn daginn. Um tíma hannaði ég líka föt fyrir stærsta barnafataframleiðanda á Spáni en núna ætla ég bara að einbeita mér að konum. Mér hefur alltaf fundist það skemmtilegast enda á mörgu að taka í slíkri hönnun.

Hvernig myndir þú lýsa nýjustu línunni þinni í fimm orðum? Sérstök, rokuð en mjúk, kvenleg og draumkennd.

Hvaðan sækir þú innblástur? Í allt mögulegt eins og til dæmis fólk úti á götu, bækur, vintage-búðir, bíomyndir og aðra hönnuði en svo er líka margt sem poppar upp í hausnum á mér og ég veit ekki hvaðan það kemur. Þá er gott að vera alltaf með teikniblokk og penna á sér.

Hver er þinn uppáhaldshönnuður? Ég á mér engan einn uppáhalds, það fer alveg eftir ári og árstíðum. Fyrir komandi vetur er það samt Gucci, ég elska línuna.

Hvað átt þú mörg sköpör? Heilan helling, ég hef ekki tölu á þeim. Samt geng ég alltaf í sömu 3-4 þörum.

Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án? Aloe Vera-gels!

Hvað er það ósmekklegasta sem þú veist um? Kúrekahattar og jú, skældir hælaskór líka (hlær).

Hver er best klædda kona heims að þínu mati? Ein sem kemur strax upp í hugann er Olivia Palermo, hún er alltaf svo fullkomin og smart.



Tískumyndir/Jose Gualdia



Heitasti leikurinn í dag



vodafone.is





Mynd/Baldur Pan

Grillum yfirleitt hálfhálf hljómsveit á kvöldi

Sjóræningjahúsið á Patreksfirði er einn heitasti tónleikastaðurinn á landsbyggðinni í ágúst. Monitor ræddi við Öldu Davíðsdóttur yfirsjóræningja um tónleikahald í gamalli eldsmiðju.

Hvað er Sjóræningjahúsið?
Ætli við séum ekki skilgreind sem menningarbúlla. Hér er kaffihús og visir að sýningu um sjórán við Íslandsstrendur. En ekki síst erum við tónleikastaður.

Af hverju á Patreksfirði?
Þetta er okkar lífbrauð og afrakstur mikillar vinnu við að laða að ferðamenn hingað á sunnanverða Vestfirði. Æ fleiri tónlistarmenn leggja líka leið sína hingað yfir sumartímann á rúntinum um landið. Patró er kominn á kortið.



ALDA YFIRSJÓRÆNINGJI OG TÓNLEIKAHALDARI

Hvernig tónlistarmenn spila á staðnum?
Það sýnir sig ágætlega á dagskránni núna í ágúst. Hér er allt mögulegt í boði. Enda viljum við hafa þetta sem fjölbreyttast. Ekki eingöngu þessa ógeðslega frægu. Við viljum mjög gjarnan fá þessa yngri og óþekktari í bland, eða bara alla sem vanda sig. Tónleikarnir hafa verið vel sóttir og eiga Patreksfirðingar heiður skilið fyrir að vera duglegir að mæta, sem og ferðamenn á Vestfjörðum

Tónleikarnir fara fram í Eldsmiðju?

Já, við tókum yfir gamla smiðju árið 2007 en þá hafði ekkert verið í henni 15 ár. Eins og nafnið gefur til kynna er um gamla eldsmiðju að ræða, þessi

PÖNK Á PATRÓ

Pönk á Patró gengur út á virka þátttöku barna og unglinga en þeim mun gefast kostur á að eyða tíma með hljómsveit dagsins. Tónlistarmennirnir koma til með að spjalla við krakkana, svara spurningum um tónlist og sköpun, kynna fyrir þeim hljóðfæri og tónlist sína og jafnvel gefa þeim kost á að spreyta sig. Að lokinni tónlistarsmiðu verða tónleikar fyrir krakkana. Á meðan á þessu stendur gefst foreldrum tækifæri til að skoða sig um á Patreksfirði. Um kvöldið eru tónleikar fyrir fullorðna en allir stilltir krakkar velkomnir með.



hluti hússins var byggður árið 1920. Salurinn er nánast eins og hann hefur verið í gegnum tíðina og gamla eldstæðið er notað til að hita upp og skapa skemmtilega stemningu þegar viðburðir eiga sér stað í húsinu. Versta er að við grillum yfirleitt hálfhálf hljómsveit á hverjum tónleikum.

Fólk á erfitt með að trúá því að við byrjum tónleikana snemma, eða kl. 21. Fólk getur jafnvel tekið krakkana sína með. Hér myndast ansi skemmtileg stemming. Jafnvel þrjár

kynslóðir af áhorfendum. En það hefur svínvirkað enda erum við ekki að reka pöbb. Frekar opnum við snemma morguninn eftir með nýbakað brauð.

Af hverju þessi tengsl við sjóræningja?

Mig semsagt vantaði eitthvað að gera eftir nám í ferðamálafræði og vissi af sögum af sjóránnum hér á svæðinu og fannst það alveg kjörið að nota það sem þema. Við erum með inngang að því sem koma skal hér í Sjóræningjahúsinu. Ýmis afþreying er í boði, svo sem falinn fjársjóður, búningar fyrir krakka og mikið af spilum.



TÓNLEIKAR FRAMUNDAN

13. ágúst Dikta – Pönk á Patró
19. ágúst Moses Hightower
27. ágúst Secret Swing Society

SJÓRÆNINGJAHÚSIÐ
KEMUR PATRÓ Á KORTIÐ

Umhverfið í nýju ljósi




vodafone.is



„Djöfull er ég ánæ

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen vakti fyrst athygli fyrir tveimur árum með alblóðugu tónlistarmyndbandi sem sló í gegn á YouTube. Síðan þá hefur hann gefið út plötu og á dag vinsælasta lag vinsældarlista Rásar 2, Úlfur úlfur, þar sem sjálfur Bubbi Morthens syngur viðlagið. Í haust eltir hann ástina út til Portúgal og kemur jafnframt til með að troða upp á erlendri grundu í fyrsta skipti.

Mér skilst að mamma þín heiti Eydis. Er það þaðan sem þú færð allan áhugann á eitistónlist?

Já, ekki nóg með það að mamma mín heiti Eydis heldur heitir mamma samstarfsmanns míns, Hermigervills, líka Eydis. Það er reyndar saga að segja frá því þegar við komumst að þessu. Við vorum úti í Amsterdam að taka upp plötuna mína og ég sagði: „Vá, það er ekki tilviljun að ég sé að gera eitismúsík, mamma mín heitir Eydis,“ og þá sneri hann sér við og sagði: „Mamma mín heitir Eydis líka!“ Þá fattaði maður að þessu var ætlað að gerast.

Ef hún hétu Nændis, hefðir þú þá farið meira út í „grunge“-rokkid eða kannski júröppid?

Nei, það er ekki séns. Næntis er í alvörunni það versta sem kom fyrir tónlistarsöguna eða bara mannkynið. Trommuhljómur frá þessu tímabili er það versta sem ég veit um, ég get ekki hlustað á svoleiðis.

Ert þú eitthvað skyldur Kalla Berndsen?

Við erum fjórmenningar og ég hef hitt hann einu sinni. Við erum náttúrlega báðir búnir að vera eitthvað í fjölmiðlum að gera sitthvorn hlutinn en báðir að reyna að stela nafninu Berndsen. Ég hitti hann einu sinni á djammínu og ég var nýkominn af árshátíð, í geðveikt finum fötum og ég kynnti mig fyrir honum. Síðan spurði ég: „Kalli, þarf ég ekki að vera að koma í „meik-öpp“ til þín?“ en þá sagði hann bara: „Nei, þú ert flottur.“ Ég veit að Þórunn Antonía fer til hans, það eru sem sagt tveir Berndsenar í hennar lífi.

Þú ólst upp í Vesturbænum og býrð þar. Hvað finnst þér um Vesturbæinga og það hverfi?

Vesturbærinn er það sem besta sem hefur komið fyrir mig, ég elska allt sem tengist honum. Ef einhver hringir í mig og biður mig um að hitta sig í Kópavogi eða Mosfellsbæ, þá fer ég alveg í kerfi, mér finnst eins og hann sé í útlöndum. Ég er mjög heimakær, held með KR og á vini þarna. Ég sætti mig við miðbæ Reykjavíkur en Vesturbærinn á hjarta mitt.

Lagið þitt Úlfur úlfur er að gera allt vitlaust um þessar mundir. Er ekki ansi töff að vera kominn með það á bransaferskrána að eiga lag með Bubba?

Jú, það er helvíti gott af því að maður ólst upp við tónlistina hans. Ég get sagt þér það að þegar ég var eitthvað að eiga við Bubba í vinnslu lagsins þá hugsaði ég bara: „Hvað er í gangi? Ég er að gera lag með Bubba Morthens! Hvernig komst ég eiginlega í þessa stöðu?“ Fyrir svona tíu árum var ég heima að spila einhver þyrluhljóð á skemmtara og eitthvað drasl, þá átti ég ekki von á að einhvern tímann yrði ég í símanum við Bubba Morthens út af lagi eftir mig.

Lagið er í uppáhaldi hjá mörgum þessa dagana. Hvernig viðbrögð hefur þú fengið við laginu sjálfur?

Þegar ég heyrði lagið Within You með Gusgus í fyrsta sinn vildi ég hætta að gera tónlist, þetta lag var svo gott. Þeir eru hins vegar fimmtán árum á undan mér hvað varðar reynslu, en svo fékk ég allt í einu Facebook-skilaboð frá Bigga í Gusgus þar sem hann sagði að Úlfur úlfur væri nýja uppáhaldslagið hans. Þá hugsaði ég: „Fokk, djöfull er ég ánægður með þetta“. Síðan sendi Bubbi mér tölvupóst þar sem hann sagði vera stoltur af mér.

Um hvað fjallar lagið?

Ég var að kynnaðstærstunni minni á þessum tíma og þetta snýst um það. Upphafslínan er „úlfur, úlfur gefðu mér ráð,“ og þá er ég að biðja Bubba um ráð, og svo syng ég „í fjarlægri borg ég hef fundið mér bráð“, og það er þá kærastan mín. Þetta er í raun um það þegar ég var að reyna að veiða bráðina mína, kærustuna, og siglingarkafinn í textanum er um mig að sigla til hennar en hún erlendis.

Manstu eftir því þegar þú hittir Bubba fyrst?

Ég hitti hann í fyrsta skipti þegar ég var í ræktinni alveg að skíta á mig með einhver lóð og þá mætir hann og segir: „Taktu þetta drengur!“. Ef Bubbi Morthens segir eitthvað svona við mann þá er ekki hægt annað en að rífa þetta upp, sem ég gerði. Það var mjög fyndið en gjörsamlega

HRAÐASPURNINGAR

Fyrstu sex: 230185.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Amsterdam.

Uppáhaldsmatur: Mömmumatur, auðvitað.

Uppáhaldstónlistarmaður: Andy McCluskey.

Uppáhaldslag úr eigin smíðju: Lover in the Dark.

Draumagiggjið: Royal Albert Hall.

Helsti kostur: Ég er góður strákur.

Versti ávani: Ég hristi annan fótinn minn þegar ég sit kyrr.



„random“, síðan hitti ég hann ekki í fimm ár. Þá hitti ég hann í útvarpsstúdíóinu og vissi ekkert hvernig ég átti að haga mér í kringum hann. Ég kynnti mig fyrir honum og þá settist hann við hliðina á mér og sagði: „Heyrðu, nú þarf ég að lesa fyrir þig ljóð“, bara beint eftir að hann hafði kynnt sig. Svo las hann fyrir mig ljóð í svona tíu mínútur og beint í kjölfarið sagðist hann þurfa að sýna mér nýtt lag og leyfði mér að prófa gítarinn. Ég hugsaði bara hvað hann væri nettur og næs, get ekki sagt annað en að hann sé frábær gaur.

Nú á Bubbi heiðurinn af stuðningsmannalagi KR. Kemur ekkert til greina að þú gefir út nýja cover-útgáfu af þessu lagi, verandi KR-ingur? Eða er draumurinn að gefa út nýtt KR-lag?

Er nokkuð hægt að toppa þetta lag hans? Ég hef reyndar einhvern tímann verið spurður hvort ég vildi gera stuðningslag fyrir Knattspyrnufélag Vesturbæjar, ég hefði nú átt að gera það. Ég væri þokkalega til í að gera eitthvað lag fyrir KR en við verðum bara að biða og sjá til með það.

Þú ert annaðaður fyrir metnaðarfull tónlistarmyndbönd. Hvers vegna leggur þú svo mikið upp úr þeim?

Það er vegna þess að ég hef séð það að það skilar sér vel fyrir mína tónlist og ég fæ áhorf hvaðanæva úr heiminum, aðallega á YouTube. Það hefur fengið fólk til að fylgjast með tónlistinni. Mér finnst samt fyrst og fremst gaman að gera eitthvað ferskt og öðruvísi.

Ég hitti hann í fyrsta skipti þegar ég var í ræktinni og var alveg að skíta á mig með einhver lóð og þá mætir allt í einu Bubbi og segir: „Taktu þetta drengur!“.

Þú fékkst tuttugu rauðhærð börn til að leika í myndbandinu við lagið Young Boy. Var það einhvers konar yfirlýsing?

Nei, fyrsta þælingin mín var að mig langaði að labba á vatni í myndbandinu. Svo datt mér í hug að hafa börn í sundi og ég ætlaði að vera sundkennari sem væri geðveikt strangur. Ég bar þetta undir leikstjórnann og svo þróaðist þetta út í að í myndbandinu voru tuttugu rauðhærð börn en svo einn ljóshærður strákur sem kann ekki að synda, þetta vatt bara upp á sig. Þessi myndbönd virka oft þannig að ég fæ bara einhverja hugmynd og svo hugsar maður: „Ókei, en hvernig í fjandanum á ég að framkvæma þetta?“.

Hvernig upplifir þú það að vera rauðhærð poppstjarna?

Það er mjög skemmtilegt, ég er alltaf að heyra einhverjar útvarpskynningar: „Næsta lag er með Berndsen, sem er einmitt myndarlegasti rauðhærði maður landsins.“ Mér finnst það auðvitað fint. Ég hef aldrei orðið fyrir neinu aðkasti eða neitt fyrir hárlit minn, mér finnst bara fint að gera grín að rauðhærðum, eða allavega þeim sem eru ekki með skegg.

Þú leggur mikið upp úr litríkum og áberandi klæðnaði. Ert þú „sponsoraður“ af einhverri „vintage“-búð eða ertu með stílista?

Stílistarnir eru vinir manns, mamma, ömmur manns og maður þiggur það sem finnst og gefst. Það eru margir sem halda að ég kaupri þennan klæðnað dýrum dómum en ég finn þetta bara í fataskápum hjá afa og ömmu. Ef það er gamalt, flott og litrækt þá klæðist ég því.

Hefur velgengi tónlistarinnar þinnar hingað til verið öll þér að þakka eða er hljómsveitin The Young Boys þér mikilvæg?

Það er varla hægt að vera að gera þetta allt einn. Þeir sem hafa hjálpað mér mest eru til dæmis Hermigervill, sem vann plötuna með mér, en hann er þekktur sem „legend“ í bransanum. Svo hafa margir verið skemmtilega tilkippilegir upp á að koma í upptökutarnir og svo eru Young Boys mikilvægir. Maður er ekkert einn í þessu, ég kem með einhvern grunn og fæ svo vini sína til að hjálpa en ég á svo reyndar lokaorðið.

Hvert er eftirminnilegasta gíggið hingað til?

Það er fyrsta gíggið, á Réttum í Reykjavík, þá var maður svo ógeðslega stressaður. Það var troðið af fólki en Supertime-myndbandið var nýkomið út og það kom fullt af fólki sem vildi örugglega berja bandið augum sem gerði þetta klikkaða myndband. Það var ótrúlega mikil stemning og ég man að vinir mínir voru þarna fremst kallandi: „Berndsen! Berndsen! Berndsen!“ en á meðan var ég skjalfandi baksviðs.

Nú skaust netstjarnan Nilli fram á sjónarsviðið þegar hann ruddist inn í viðtal við þig til að hrósa þér í hástert. Hefur þú haldið einhverju sambandi við hann?

Ég hitti hann voða oft bara úti á götu, hann er alveg yndislegur strákur og það er gaman að sjá hvað það gengur vel hjá honum. Annars höfum við ekki gert neitt saman eða þannig. Ég vona bara að hann klæðist stundum Berndsen-bolnum.

Þú ert að fara að flytja til Portúgal og ert kominn með þýskan umboðsmann. Er heljarinnar útrás í gangi?

Það má segja það, ég er sem sagt með sama umboðsmann og hljómsveitin Who Knew, þeir eru búnir að vera mjög duglegir að spila erlendis og við erum sem sagt að fara að hita upp fyrir þá. Svo er búið að redda okkur fleiri tónleikum og platan okkar verður gefin út í Berlín í október og við ætlum að fylgja henni eftir þar.

Hvað felur þessi samningur við þýska umboðsmanninn í sér?

Bara að ég þurfi ekki sjálfur að vera með puttana í öllu. Það er erfitt að vera sífellt að senda einhverja tölvupósta og koma tónlistinni á framfæri þegar manngangur í raun bara að vera að gera tónlist. Umboðsmennirnir eru náttúrlega í vinnu við þetta og þeir geta redda tónleikum sem maður sjálfur á erfitt með að redda. Grundvöllurinn fyrir því að ég sé að fara út með þessa tónlist er aðallega bara vegna þess að myndböndunum mínum hefur verið vel tekið. Við eigum orðið ágætis aðdáendahóp úti, ég hef fengið sterk viðbrögð utan úr heimi vegna myndbandanna. Ég hef fengið tölvupósta frá Mexíkó, Kólumbíu og fleiri stöðum þar sem fólk hefur beðið mig um að halda tónleika í þeirra heimalandi og það hafa til dæmis rúmlega 500 þúsund séð myndbandið við Supertime. Svo er platan til á öllum

gður með þetta!”

„torrentum“, þú getur fundið hana á einhverjum rússneskum heimasíðum og eitthvað.

Þið Þórunn Antonía eruð að vinna að plötu þessa dagana þar sem þú sest í stól pródúsents. Hvernig kanntu við þig í því hlutverki?

Rosalega vel, það er æðislegt að vinna með henni, hún er svo mikill snillingur. Maður kemur kannski með einhvern grunn og svo kemur hún með sitt innlegg í þetta allt þannig að ég er alls ekkert að segja henni nákvæmlega fyrir verkum. Ég geri lag en hún kemur með texta og sína laglínu, þetta er samstarf og hún er algjör fagmaður. Við erum að gera popptónlist sem er eiginlega erfitt að elska ekki.

Þú hefur lýst því yfir að þú stefnir á þátttöku í Eurovision fyrir Portúgal í vor. Ertu byrjaður að undirbúa það?

Ég er búinn að koma mér í tengsl við gæja sem vinnur í portúgölsku tónlistarsenunni þannig að ég ætla að reyna að búa til einhverja grunna og fá einhvern portúgalskan poppara til að syngja lagið. Ég sé þetta þannig fyrir mér að ég væri á sviðinu með einhvern kítar eða hljómborð með einhverri þrususætri gellu eða gaur með einhvern „hittara“.

Er þá bara heimsfrægð í Portúgal og Þýskalandi á næsta leiti?

Ég ætla allavega að láta reyna á tónlistina og ef það gengur ekki upp þá fer maður bara að vinna sem bakari, kenna skák eða í sjómenskuna.

*Myndarlegasti rauðhærði maður landsins, **Berndsen**, er maðurinn á bak við sumarsmellinn Úlfur úlfur sem sjálfur Bubbi hefur sagst stoltur af. Næst á dagskrá hjá eitís-popparanum er tilvonandi Eurovision-ævintýri og heimsfrægð í Evrópu.*



viðtalið

FERILLINN



Daniel Craig

Hæð: 178 sentimetrar.
Besta hlutverk: James Bond.
Staðreynd: Heldur með Liverpool FC í enska boltanum.
Eitruð tilvitnun: „Um leið og þú reynir að vera kynþokkafullur tekst þér það ekki.“

1968 Fæddist þann 2. mars í breska bænum Chester.

1974 Lék í sínu fyrsta skólaleikriti og fékk þá hina umtöluðu leiklistarbakkeriu.

1992 Giftist skosku leikkonunni Fiona Loudon. Sama ár eignuðust þau dótturina Ella.

1994 Skildi við eigin-konuna Fiona og byrjaði stuttu síðar með þýsku leikkonunni Heike Makatsch. Þau hættu saman sjö árum síðar.

2001 Kom sér á kortið í Hollywood sem erkióvinur Angelinu Jolie í kvikmyndinni Lara Croft: Tomb Raider.

2004 Byrjaði með kvik-myndaframleið-andanum Satsuki Mitchell. Þau sáu fyrst saman opinberlega á frumsýningu James Bond-kvik-myndarinnar Casino Royale.

2005 Skrifaði undir samning um að leika ofurtöfvarann James Bond. Craig er eini ljóshærði Bond-leikarinn og einnig sá lágvaxn-asti hingað til.

2008 Missti hluta af fingurgómi eins fingra sinna við tökur á Bond-myndinni Quantum Of Solace. Craig gerði grín að atvikinu eftir á og sagðist nú geta hafð glæstan glæpaferil svona fingra-faralaus.

2010 Sleit sambandi sínu við Satsuki og varð ástfanginn af leikkonunni Rachel Weisz. Þau kynntust við tökur á kvikmyndinni Dream House. Sama ár skrifaði hann undir samning um að leika rannsóknarblaðamanninn Mikael Blomkvist í Hollywood-útgáfu leikstjórans David Fincher af Karlar sem hata konur eftir Stieg Larsson.

2011 Giftist Rachel Weisz við litla at-höfn í New York þar sem aðeins fjórir gestir voru viðstaddir.



Frumsýningar helgarinnar

INDIANA JONES OG JAMES BOND ERU BLANDA SEM GETUR EKKI KLIKKAÐ

Cowboys & Aliens

Leikstjóri: Jon Favreau.
Aðalhlutverk: Daniel Craig, Harrison Ford og Olivia Wilde.
Lengd: 118 mínútur.
Aldurstakmark: 14 ára.
Kvikmyndahús: Laugarásbíó og Sambíóin Álfabakka.

Þegar minnislaus aðkomumaður mætir í smábæ í viltta vestrinu verður hann umsvifalaust



miðpunktur athyglinnar. Aðkomumaðurinn hefur enga hugmynd um fjarveru sína og vaknar með dularfullan hlut á hendinni. Ókunnugir eru ekki velkomnir í þennan litla bæ þar sem bæjarbúar lifa í ótta við ofurstann Dolarhyde. Þegar aðkomumaðurinn er hneptur í varðhald ofurstans verður bærinn fyrir skyndilegri árás geimvera og er aðkomumaðurinn þeirra eina von. Aðskotahluturinn er nefnilega eina vopnið sem dugur gegn innrás geimveranna.

Strumparnir 3D

Leikstjóri: Raja Gosnell.
Aðalhlutverk (talsetning): Laddi, Ævar Þór Benediktsson, Atli Rafn Sigurðarson, Próstur Leó Gunnarsson, Kjartan Guðjónsson og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.
Lengd: 100 mínútur. **Aldurstakmark:** Leyfð
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Þegar Kjartan galdrakall eltir Strumpana úr þorpinu þeirra og yfir í okkar heim lenda þeir óvart í Central Park í New York. Strumparnir þurfa að spjara sig í stórborginni og finna leið aftur í þorpið sitt áður en Kjartan finnur þá og upphefst þá fjórugur eltingaleikur.

TÖLVULEIKUR



F.E.A.R. MAAA
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Warner
Dómar: Gamespot 7,5 af 10 / IGN 8 af 10 / Eurogamer 8 af 10

H.R.Æ.D.D.U.R.

Árið 2005 varð gríðarleg söluaukning á fullorðins-bleyjum og var ástæðan útgáfa hryllingsleiksins F.E.A.R. sem sló hörðustu nöglum þvilíkan skelk í bringu að annað eins hafði ekki sést. Nú á dögum kom út þriðji leikurinn í þessari mögunuðu seríu og þá er spurningin hvort framleiðendunum hafi tekist að halda ferskleikanum.

Leikmenn fara í hlutverk genabreytta hermansins Point Man sem kom við sögu í fyrsta leiknum. Allt er orðið brjáláð í Fairport-borg og ætlar okkar maður að vaða þar inn til að bjarga félagu sínum. Með honum í för er morðóði bróðir hans Paxton Fettel eða öllu heldur vofa hans, þar sem hann dó í fyrsta leiknum. Í gegnum söguþráðinn fá leikmenn að fræðast meira um samband þeirra bræðra og af hverju þeir eru svona klikkaðir.

Sögu leiksins geta leikmenn spilað sem annað hvort Point Man eða Fettel, en auk þess er hægt að spila í gegnum hann tveir saman í „co-op“ á einni tölvu eða í gegnum netið.

F.E.A.R. 3 er fyrstu persónu skotleikur þar sem leikmenn þjóta um þrönga ganga sem tengja hin ýmsu svæði saman og því lítið um frelsi í leiknum. Vopnin eru dæmigerð eða allt frá skammbyssum að

sniperrifflum í bland við hagla- og vélbyssur. Þegar hasarinn verður hvað harðastur geta leikmenn svo hægt á atburðarrásinni tímabundið og látið vaða á óvinina í „slow motion“.

Óvinirnir í leiknum eru af ýmsum toga en í flestum tilfellum eru leikmenn að berjast við heilu hjarðirnar af hermönnum sem eru mjög vel forritaðir og er gervigreind leiksins til mikillar fyrirmyndar og mjög krefjandi. Grafíkin í F.E.A.R. 3 er hinsvegar töluvert á eftir því sem við eigum að venjast í dag, en tónlist og talsetning sleppur vel fyrir það.

Ég þurfti ekki að seilast eftir bleyju-pakkanum í þetta sinn enda hryllingur leiksins aðeins í ágætu meðallagi en leikurinn bætir vel fyrir það með miklum hasar, skemmtilegum söguþræði og frábærri „co-op“ spilun. Allt þetta gerir F.E.A.R. 3 að hinna bestu skemmtun og mæli ég með honum sem góðum og fjölbreyttum skotleik sem nær að grípa mann allt frá upphafi til enda.

Ólafur Þór Jónsson



Popp-korn

Twilight-leikkonan Kristen Stewart er komin í stutt frí vegna óeirðanna í London.

Framleiðsla kvikmyndarinnar Snow White And The Huntsmen hefur verið stöðvuð tímabundið til að tryggja öryggi aðstandenda myndarinnar. Hin 21 árs gamla Stewart og meðleikari hennar, Chris Hemsworth, eru bæði í lögregluþyngd og halda sig fjarri miðborginni á meðan fríinu stendur.



Leikarinn Jon Cryer sem er þekktastur fyrir hlutverk sitt í þáttunum Two And A Half Men gerði grín að nýjum mótaleikara sínum, Ashton Kutcher, í nýlegu viðtali. Hann sagðist hafa leikið sitt fyrsta stóra kvikmyndahlutverk á móti Demi Moore í kvik-myndinni No Small Affair og þá hafi Ashton einmitt verið sjö ára gamall þjakkur.



Tónlistarsjónvarpsstöðin VH1 rannsakar nú tengslin milli hip hop-tónlistar og kókaíns fyrir þáttinn Planet Rock: The Story Of Hip Hop And The Crack Generation sem verður sýndur í næsta mánuði. Þar er fjallað um þróun neyslu krakks í hip hop-heiminum og í þættinum koma meðal annars fram þeir Snoo Dogg og B-Real úr Cypress Hill.



Hjartaknúsarinn Antonio Banderas segist ekki hafa viljað eiga í ástar-sambandi við Madonna þar sem hún sé of kraftmikil kona. Poppdrottningin fór ekki leynt með



hrifningu sína á leikaranum í heimildarmyndinni In Bed With Madonna sem var gefin út árið 1991 en Banderas segist hafa verið mjög stressaður í návist hennar vegna lélegar enskukunnáttu sinnar.

Heimildarmyndamög-úllinn Michael Moore stakk upp á í nýlegu viðtali að leikarinn Matt Damon færi í forsetafram-boð. Hann segir Damon hafa verið óhræddan við að segja skoðanir sínar í gegnum tíðina og benti á að leikari hefði nú áður farið í forsetafram-boð. Ekki er vitað hvort Damon hafi íhugað að bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna.



Margfaldur meistari í íslenskri auglýsingu

Um helgina verður tekin upp auglýsing fyrir nýjustu vöru Össurs, Flex Run hlaupafótinn, hér á landi. Íþróttakonan Sarah Reinertsen leikur í auglýsingunni og er hér á ferðinni stórstjarna og mikil afrekskona í íþróttum. „Við erum mjög ánægð að fá hana til að leika í auglýsingunni enda er hún eitt af stærstu nöfnunum sem eru að nota vörurnar okkar í dag,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir, vörustjóri hjá Össuri. „Sarah hleypur alltaf á Flex Run fætinum og hefur einnig starfað með okkur í að prófa vörur og hjálpa til við að þróa þær,“ segir Hrönn ánægð með samstarfið. Í auglýsingunni fer Sarah hið goðsagnakennda triaþlon sem hún er margfaldur



meistari í og verður auglýsingin meðal annars tekin upp við Kleifarvatn. „Sarah er einn fremsti íþróttamaður heims sem vantar fótinn á fyrir ofan hné svo þessi auglýsing mun eflaust vekja mikla athygli,“ segir Hrönn en bendir á að auglýsingin verði líklega að mestu sýnd á netinu fyrir afmarkaðann markhóp.



HÆGRA MEGIN ER DANÍEL OG MEÐ HONUM Á PALLINUM ERU SYSTKINI HANS OG VINIR Í BLÚSSANDI FILING



STEFán og félagar mest spilaðir á Fabrikkunni

Á föstudag munu STEF og Íslenska Hamborgarafabrikkan undirrita tímamótasamning á heimavelli þeirrar síðarnefndu. Árlega borga veitingastaðir, hárgreiðslustofur og aðrar þjónustustöðvar sem spila tónlist sem hljómar í eyrum almennings ákveðna upphæð til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, STEFs. Sambandið sér svo um að greiða STEF-gjöld til listamanna en þegar ákveða á hver fái hvaða upphæð út frá spilun laga listamanna er það yfirleitt byggt á líkum.

„Þar sem við erum í góðu sambandi við tónlist.is þá getum við haldið nákvæmlega utan um það hvaða listamenn eru spilaðir hjá okkur og hve mikið. STEF-gjöldin fara því jafnt hlutfallslega til þeirra tónlistarmanna sem eru spilaðir á Fabrikkunni,“ segir Jóhannes Ásbjörnsson, einn eiganda veitingastaðarins. Stefán Hilmarsson og félagar í Sálinni hans Jóns míns hafa verið mest spilaðir á staðnum og ætla þeir því að láta sjá sig þar á bæ á föstudaginn.

Monitor í Gleðigöngu

Monitor skellti sér óvænt í gleðigönguna þegar **Daníel Halldór Christianworthy** skreytti vagninn sinn með egypskum skúlptúr sem hann bjó til úr Monitor-blöðum

„Mig langaði svo að fara til Egyptalands í sumar en ég komst ekki svo að ég ákvað að koma með Egyptaland á vagninn minn í staðinn,“ segir Daníel. „Ég var þrjá daga að búa til sfinxinn en það var þess virði því hann var svo flottur. Mér fannst alveg tilvalið að fá nota eingöngu Monitor-blöð enda er blaðið svo litríkt og skemmtilegt.“

KVIKMYND



Captain America: The First Avenger

Ofurhetjusaga sem virkar

Myndin fjallar um Steve Rogers nokkurn (Chris Evans) sem vill ólmur komast í herinn en er neitað sökum þess hve líkamlegt form hans þykir slæmt. Hann gefst þó ekki upp og fær á endanum sitt tækifæri gegn því að taka þátt í háleynilegri tilraunastarfsemi hjá Bandaríska hernum. Hún umbreytir honum síðan í líkamlegt ofurmenni sem hlýtur nafnbótina Kapteinn Ameríka. En ill öfl eru á höttunum eftir sömu kröftum og mæstast þá stálin stinn.

Ég var frekar ánægður með þessa mynd. Chris Evans er mjög góður sem Kapteinn Ameríka og ótrúlegt hvernig brellumeisturinum vestanhafs tókst að láta hann líta út áður en hann umbreyttist í Kapteinn Ameríka. Ég þældi mikið í því hvort þeir hefðu einfaldlega fundið einhvern sem liti út alveg eins og Chris Evans nema bara ca. 50 kílóum léttari og 50 cm minni en svo er víst aldeilis ekki, þetta eru bara þjúra tæknibrellur. Hugo Weaving er líka flottur og klárlega eitt efnilegasta illmenni Hollywood í dag. Það var líka gaman að sjá Tommy Lee Jones en hann hefur lítið sést á hvíta tjaldinu undanfarið. Tommy er frábær og stendur alltaf fyrir sínu.

Sagan er skemmtileg og gaman hvað þeir fara vel í forsögunu á því hvernig hann varð Kapteinn Ameríka. Ég held að flestir geti verið sammála um mikilvægi þess að góðar ofurhetjusögur að hafi sterka forsögu. Það gefur þeim hlutum sem á eftir koma mun meira vægi. Myndin hefur auðvitað sinn skerf af amerískri þjóðerniskennnd enda kannski skiljanlegt þar sem aðalhetjan ber einfaldlega nafnið Kapteinn Ameríka og ber þar að auki skjöld með ameríska fánanum framan á. En þrátt fyrir það varð það aldrei neitt rosalega truflandi. Ég skynjaði það meira eins og þeir væru að gera grín af því hvað amerísk þjóðerniskennnd getur verið steikt. Þannig tekur myndin sjálfa sig ekkert allt of alvarlega og er því mjög myndin á köflum. Það er líka gaman að sjá karaktera úr öðrum Marvel myndum birtast þarna eins og Howard Stark, faðir Tony Stark sem síðar verður Iron man. Ég mæli síðan með að fólk bíði eftir atriðinu eftir credit listann, en það gefur ágætis fyrirheit um það sem koma skal. Þrátt fyrir að myndin sé svo sem ekki að fara neinar ótroðnar slóðir og Hollywood formúlan sé aldrei langt undan þá held ég að þetta sé fyrst og fremst hugsað sem góð skemmtun. Myndin stendur vel undir því og ég held að allir þeir sem hafi gaman af góðum ofurhetjumyndum verði ekki sviknir af Kapteini Ameríka.

Kristján Sturla Bjarnason



Meira Ísland með Símanum á stærsta 3G neti landsins

M-ið er ómissandi ferðafélagi

Skannaðu kóðann eða sendu sms-ið M í 1900 og fáðu M-ið beint í simann þinn

Siminn

siminn.is
Greitt er samkvæmt gjaldskrá. Nánar á Siminn.is



#1 Varabúningur Aston Villa
„Þetta var erfitt því það er enginn sem stendur upp úr en ég verð að gefa þessum grákóflotta sigurinn. Það er eitthvað við hann.“

#2 Varabúningur Fulham „Þetta er grjótharður búningur. Fulham á eftir að hala inn stigum í þessum.“

#3 Aðalbúningur Man Utd „Rauður býr yfir miklum sjarma og það gera nítján titlar einnig.“

HEILDARYFIRLIT

„Á þessu tímabili munum við sjá fleiri ljóta búninga heldur en flotta. Minni liðin eiga eftir að sjá eftir því að hafa sætt sig við ljóta búninga og ég gæti trúað því að einhverjir leikmenn ættu eftir að skipta um lið bara út af ljótum búningi. Bolton, Wigan, Swansea og West Brom eru heldur ekki að gera gott mót með sínum. Ég vona að þetta lagist eftir ár, lífið er of stutt til að líta illa út.“



#1 Aðalbúningur Norwich „Guð minn góður, Norwich fellur.“

#2 Varabúningur Chelsea „Tímabilið er eitthvað að fara illa í menn því ljótu búningarnir eru margfalt fleiri heldur en þeir flottu. Chelsea fær annað sætið, engan veginn nógu gott.“

#3 Markmannsbúningur Everton „Tim Howard, markvörður Everton, á ekki eftir að líða vel í þessum og Tim með Tourette-sjúkdóminn sinn á eftir að blóta mun meira á þessu tímabili en áður.“



BALLIÐ ER AÐ BYRJA



Enska úrvalsdeildin fer af stað um helgina og því tók Monitor púlsinn á fjórum þekktum stuðningsmönnum toppliðanna frá síðasta tímabili.

Þjálfarinn hundskólaður

Hermann Fannar Valgarðsson, athafnamaður

Hvernig finnst mér horfurnar fyrir þína menn?
Þetta verður „solid“ þrenna, ekki spurning!

Við hvaða leikmann bindur þú mestar vonir fyrir komandi átök?

Ég er spenntur fyrir MacEchran, grjótharður og fjallmyndarlegur. Svo heillaði David Luiz mig þegar hann kom um áramót. Svo verða Cech, Terry, Lampard, Drogba flottir sem fyrr.

Fyrir hvaða nýja leikmanni liðsins ertu spenntastur?

Aldrei þessu vant hefur Chelsea verið afar rólegt hingað til á leikmannamarkaðinum, en MacEchran sem reyndar hefur fengið nokkur tækifæri gæti orðið hrikalega flottur.

Nýi þjálfarinn, André Villas-Boas, er svo ungur að hann gæti verið nýskriðinn úr menntaskóla. Mun hann ráða við liðið?

Held að þessi gæi sé alveg hundskólaður eftir að hafa unnið með brjálæðingum á borð við Mourinho. Hann er á sama aldri og Lampard, Terry, Drogba og þeir, hann hlýtur að kunna einhver trikk.

Hverjir eru helstu styrkleikar liðsins?

Reynsla og öflugur hópur ef hann helst nokkuð heill, þessi reynsla gæti líka verið okkar helsti ókostur þar sem sumir vilja meina að of margir lykilmenn séu orðnir of gamlir, en það kemur í ljós næsta vor.



HEMMI TELUR AÐ VILLAS-BOAS KUNNI EINHVER TRIKK

Hverjir eru helstu veikleikarnir?

Eins og ég segi, mögulega of gamlir lykilmenn.

Nær Arshavin 180 cm?

Stefán Hilmarsson, söngvari

Hvernig finnst mér horfurnar fyrir þína menn?

Mér list satt að segja ekki vel á horfur og óttast að liðið muni eiga fullt í fangi með að ná Evrópusæti á komandi leiktíð. Ég er líka mjög uggandi yfir leikjunum sem framundan eru gegn Udinese, er hræddur um að þeir fari illa. Ef svo fer, þá er mikill frostavetur í vændum.

Við hvaða leikmann bindur þú mestar vonir fyrir komandi átök?

Ég á von á því að Arshavin haldi áfram að vaxa og verði kannski orðinn 1,80 fyrir júl. Annars finnst mér Wilshere eina virkilega vonarljósið í liðinu.

Fyrir hvaða nýja leikmanni liðsins ertu spenntastur?

Ég hef um langa hríð verið spenntur fyrir því að sjá verðuga eftirmenn Adams og Keown í hjarta varmarinnar. Þeir hafa enn ekki komið, svo ég bíð bara spenntur áfram. Mér sýnist Gervinho rendar vera ágætur slúttari, þótt hárskerinn hans þyrfti að fara á endurmenntunarnámskeið hjá Kjartani rakara á Selfossi, stofnanda Arsenal-klúbbsins á Íslandi. En góðir slúttarar hrökkva skammt ef liðið getur ekki varist vel.

Hverjir eru helstu styrkleikar/veikleikar liðsins að þínu mati?

Styrkleikar liðsins eru því miður of fáir nú um stundir, ef frá er talin almenn og góð boltatækni leikmanna. En liðum er því miður ekki veittur bikar fyrir þríhyrningspíl frekar en fyrir daginn. Sú var tíðin að traustur varnarleikur var aðalstyrkur Arsenal. Fyrir nokkrum árum stóð mörgum stuggur af mönnum eins og Vieira, Winterburn, Adams og Keown. En hin seinni ár hafa andstæðingar Arsenal staðið í göngunum fyrir leiki með menn eins og Denilson, Arshavin, Squillaci, Eboue og Rosicky sér við hlið. Það er af sem áður var.



Besti hlaupafélaginn



vodafone.is



Útilokar ekki hárigræðslu

Audunn Blöndal, sjónvarpsmaður

Hvernig finnst mér horfurnar fyrir þína menn?

Stórkostlegar, ég spái því að þetta verði 20. titillinn og ég hef sjaldan verið jafnbjartsýnn.

Við hvaða leikmann bindur þú mestar vonir?

Það er hann félagi minn Wayne Rooney enda kominn með rífandi sjálfstraust og þykkt og flott hár og Nani svona innan sviga, hann á eftir að springa út.

Fyrir hvaða nýja leikmanni ertu spenntastur?

Ég var eiginlega spenntastur fyrir Ashley Young en eftir að hafa horft á undirbúningstímabilið held ég að Phil Jones eigi eftir að vera hrikalega öflugur. Ég bind þó ennþá vonir við að fá myndarlegan skóllottan mann í liðið sem heitir Wesley Sneijder.

Hverjir eru helstu veikleikar liðsins að þínu mati?

Ég myndi segja að það væri miðjan eins og staðan er í dag og svo er markvarðarstaðan spurningarmerki. Ég vona að De Gea bæti á sig smá vöðva-massa, raki hjúnginn af sér og fari að verja.

Hverjir eru helstu styrkleikar liðsins?

Sóknin og vörnin eru með því besta í deildinni og svo erum við náttúrulega með King Ferguson á bekknum.

Hvort kanntu betur við Wayne Rooney fyrir eða eftir hárigræðsluna?

Eftir, því hann er að gefa mér von.

Myndir þú hugleidda það að fara í álíka aðgerð?

Aldrei að segja aldrei.

Ef þú gætir bara valið annað hvort, hvort myndir þú frekar kjósa að Liverpool félli úr Úrvalsdeildinni eða að Man Utd næði að verja titilinn?

Að Man Utd verði titillinn af því að þá væru Man Utd komnir tveimur titlum yfir þá og svo eru þetta örugg sex á stig á hverju tímabili.



Lífið er of stutt til að líta illa út

Á hverju tímabili kynna klúbbarnir í ensku deildinni nýjan aðal- eða varabúning sem margir hverjir mokseltast um heim allan. Monitor fékk Harald Björnsson markmann og starfsmann í tiskuvörverslun til að taka út flottustu og ljótustu búningana.



HALLI MYNDI EKKI KLÆÐAST MARKMANNSTREYJU EVERTON



GULLI ÓSKAR ALDREI NEINUM ILLS

Allir kaupa sér árangur



Gunnleifur Gunnleifsson, knattspyrnumaður

Hvernig finnst mér horfurnar fyrir þína menn?

Ég er mjög bjartsýnn maður að eðlisfari og ég held að það sé engin ástæða til annars hvað varðar City fyrir komandi átök. Þeir eru með góðan stjóra og mjög góðan leikmannahóp sem ég held að eigi eftir að verða ennþá betri á næstu dögum.

Við hvaða leikmann bindur þú mestar vonir fyrir komandi átök?

Ég held að það sé óhætt að segja að ég sé að pissa í mig af spenningsi yfir því að sjá Agüero í City búningnum og ég vill eiginlega að hann skori mark í hverjum einasta leik.

Fyrir hvaða nýja leikmanni liðsins ertu spennastur?

Það er hinn sami Kun Agüero ásamt því að vonandi eiga Nasri eða Sneijder eftir að detta inn í góða hlutann í Manchester-borg.

Hverjir eru helstu styrkleikar liðsins að þínu mati?

Varnarleikur City-liðsins er styrkleikur þeirra með Kompany aftast og De Jong aftast á miðjunni. De Jong finnst mér vera einn mikilvægasti leikmaður City, en „djúpur miðjumaður“ er uppáhalds útileikmanna-staðan mín.

Hverjir eru helstu veikleikar liðsins að þínu mati?

Veikleiki liðsins er að leikmennirnir virðast ekki hafa svakalegt „passion“ fyrir miklu öðru en að eyða þessum 18 þúsund milljónum sem þeir hafa í vikulaun í Lamborgin-iana og fjór. Það kemur þeim um koll inná vellinum þegar þeir virðast vera of svalir til að leggja á sig á móti Wigan og Swansea.

Myndir þú segja að hægt að kaupa sér árangur í enska boltanum?

Hiklaust er hægt að kaupa sér árangur í fótbolta. Það eru allir að því.

Hvaða skoðun hefur þú á vandræðagemsanum Mario Balotelli?

Super Mario á eftir að skora yfir 60 mörk á tímabilinu og opna síðan fágunarskóla í útjaðri Manchester-borgar. Mikið af hæfileikum, lítið um góðar ákvarðanir að gríni slepptu.

Ef þú gætir bara valið annað hvort, hvort myndir þú frekar kjósa að Man Utd félli úr Úrvalsdeildinni eða að Man City yrðu Englandsmeistarar?


Ég óska aldrei neinum neins ills. Að sjálfsögðu vona ég að City verði meistarar. Áfram FH!



STEBBI MINNIST BJARTARI TÍMA HJÁ ARSENAL

Kæmi til greina hjá þér að gefa út íslenskt Arsenal-stuðningsmannalag, ef til vill nefnt „Arsenal vængjum þöndum“?

Ef Pólverjarnir Szczesny og Fabianski hefðu samband, þá mætti alveg skoða það. Við gætum kannski fengið Eyfa til að semja „Gdanska lagið“.



AUDDI SJALDAN VERIÐ BJARTSÝNNI

Netið í símann, aðeins 25 kr. á dag

Kynntu þér málið í næstu verslun eða á vodafone.is

Vodafone – með þér í sumar

vodafone.is

OPNUNARGLEÐI
Glaumbar
Laugardagur kl. 13:00



Endalaus hamingja og unaður

„Þetta verður svona heimapartý. Ekkert of fínt, ekkert of lélegt,“ segir Davíð Kristinsson, rekstrarstjóri Glaumbar sem verður opnaður aftur með pompi og prakt um helgina. „Við einblínum á sportið,“ útskýrir Davíð en staðurinn mun sýna leiki í enska boltanum í vetur ásamt því að vera heimavöllur Manchester United-klúbbsins. Hann segir staðinn þó ekki vera einungis fyrir áhugamenn um fótbolta. „Helgarnar verða ekkert annað en stanslaust stuð og unaður,“ fullyrðir Davíð sem hefur feykimikla reynslu af rekstri skemmtistaða en hann átti og rak skemmtistað í Danmörku í heil sjö ár. Hann lofar góðri skemmtun á Glaumbar í vetur. „Þetta verður endalaus hamingja hvort sem það verður í boltanum eða í næturlífínu.“ Glaumbar opnar laugardaginn 13. ágúst og verða leikir dagsins í enska boltanum sýndir.

fílófaxið

fimmtudagur 11 ágúst

PÉTUR BEN OG EBERG
Sódoma Reykjavík
21:00 Pétur Ben og Eberg fagna útkomu plötu sinnar, Numbers Game, með heljarinnar tónleikum um helgina. Hljómsveitin Ourlives sér um upphitun.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR CORAL
Faktörý
22:00 Íslenska hljómsveitin Coral sendi nýverið frá sér breiðskífuna Leopard Songs og fagnar útgáfunni á Faktörý. Fritt inn.

föstudagur 12 ágúst
AGENT FRESCO
Bar 11
21:00 Tuborg og Bar 11 halda áfram með sumartónleikaröðina og bjóða að þessu sinni upp á tónleikaveislu með Agent Fresco. Fritt er inn á tónleikana.

MR. SILLA OG SÓLEY
Bakkus
21:30 Hljómsveitin Mr. Silla og einyrkinn Sóley halda sumartónleika. Fritt er inn á tónleikana.

HJÁLMAR
Faktörý
22:00 Hljómsveitin Hjálmar er á leiðinni í hljóðver að taka upp sína sjöttu breiðskífu og ætla sér að leika mikið af nýju efni á Faktörý um helgina. Tónleikarnir verða endurteknir kvöldið eftir.

laugardagur 13 ágúst
PORQUESÍ OG GANG RELATED
Bakkus
22:00 Nú gefst aðdáendum PORQUESÍ loksins færi á að sjá drengina spila eftir sjö mánaða hlé. Einnig troða gulldrengirnir í Gang Related upp svo enginn má missa af þessum frábæru tónleikum. Fritt inn.



Bættu skorið



vodafone.is

Justin Bieber notar Proactiv® Solution
Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvog
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

LOKAPRÓFIÐ

11. ágúst 2011 | **MONITOR** skólinn

Ég heiti RAGNAR ÞÓRHAUSSON í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá NICOLAS CAGE til að leika mig en líklega yrði það samt JONAH HILL.

Dú veist hver ég er af því að ÉG ER ALTAÐ Í SÖMU FÖTUNUM OG SVO ER ÉG ÚKA Í MONITOR NÚNA!

Þegar ég og hljómsveitin mín unnum Músiktilraunir 2010 þá

- grét ég
- ældi ég
- stökk ég hæð mína í loft upp
- brosti ég og hugsaði: „EKKERT AF ÞVI AÐ ÉG FOR Í STRESS ISLACOUT OG VALNARI NÖSTA DAG MED ISKARINN Í HÖNDUNUM. AÐUR SVEITUR OG FÖUR.“

Þegar brakar í stiganum í gamla húsinu þá er húsið að segja þér að

- hlaupa í burtu
- laka augunum
- halda inni í þér andanum
- hugsa um fortíðina en þetta kemur skýrt fram í laginu LITTLE TALKS!!!

Fyndnasti meðlimur Of Monsters and Men er

- Nanna Bryndís Hilmarsdóttir
- Brynjarr Leifsson
- Arnar Rósenkranz Hilmarsson
- Kristján Páll Kristjánsson
- Árni Guðjónsson
- ég auðvitað

og það myndnasta sem sú manneskja hefur sagt er BAEA AHT. ÞEGAR KYNSBYNDAR HREINDIRKONUR ÖFTAR MUMMINN FARA FÖRUMKONUR Í STUÐ. SVO ER HANN LÍKA MED FAEGAR VÆRIR.


Of Monsters and Men er með 6000 fans á Facebook og ætla að gefa út plötu í SEPT. næstkomandi. Sjálfur er ég 24 ára gamall og fyrsta hljóðfærið sem ég lærði á var GÍTAR en þá var ég 15-16 ára.

Það besta við tónlistina eru

- sveittu gíggin
- trylltu áhorfendurnir
- krakkarnir í bandinu
- öll hljóðfærin í bransanum
- _____

Vegna þess að ÉG ELSKA KRACKANA MÍNA OG SVITI ER GÖÐUR Á BRAGÐIÐ.

Eiginhandaráritunin mín lítur svona út:




til að leika mig en líklega yrði það samt JONAH HILL.

Ef ég væri ekki Ragnar Þórhalls son myndi ég vilja vera

- Ragnar Reykás, alþýðumaður
- Ragnar Bragason, leikstjóri
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti
- Ragnar Axelsson, ljósmyndari
- ÞÓRHAUAR PABBI MINN

Vegna þess að ÉG HEF HEYRI AÐ HANN SÉ PABBI RAGGA ÞÓRHAUS.

Ef ég væri ekki í Of Monsters and Men þá væri ég til í að vera í

- Agent Fresco
- Lockerbie
- Orphic Oxta
- Sigurrrós
- _____

ÞAD ER ALTAÐ PARTÝ HJÁ ORPHIC OXTA!!

Það sem fáir vita um mig er AD ÉG VAR EITT SINN Í COSPELISANDI, SVO ER ÉG LÍKA EKKERT SVO. HELEOQUE VID GEITUNGA.

Ef ég þyrfti að eyða 100.000 krónum strax í dag myndi ég

- fá mér húðflúr
- fá mér nýjan gítar
- kaupa mér fullt af skyrtum
- kaupa mér far til New York
- FLJÓGA TIL NY OG LATA HÓFLURA Á MÍG KÖPLÓTTA SKERTU. SATT OG ÓSATT

Ég er réttentur

S

Síðasta sms sem ég fékk var frá NÖKUNU BRYNDÍSÍ HILMARSD. og í því stóð „FARÐU ÚTÚT!! HEINGDU Í MINNI LÁTUM PÝLSUHANDUR“

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa VITDI AF HVÆRJU AÐVAR KINDVENAR KEYPTU OMAM PLÖTUNA?... ÞVI ÞAD ~~VÆRIS~~ VÆRIS SVO MIKIÐ „HEY“ Á HENNI!!... ÞVÍS, KAUPID PLÖTUNA OKKAR!! (ÞEGAR HÖN KEMUR ÚT).

Síðast en ekki síst

» **Heiða Ólafsdóttir, leik-, söng- og útvarpskona, fílar:**

Kvikmynd: Þarna er ég í vandræðum. Engin upphalds mynd en margar sem ég get horft á aftur og aftur. Og það er alltaf á stefnuskránni hjá mér að gefa mér meiri tíma í að horfa á góðar ræmur. Það hlýtur að fara að gerast, trúi ekki öðru.

Þáttur: Friends er alltaf efst á lista hjá mér. Get horft á þá og Sex and the City aftur og aftur. Sopranos er líka snilld. Er dottin inni Mad Men sem eru frábærir þættir og svo féll ég fyrir HIMYM og Modern Family sem eru eins og Friends og SATC fyrir mér, get horft aftur og aftur.

Bók: Get eiginlega ekki gert uppá milli leikritanna minna og bókanna sem ég keypti í leiklistarnámi mínu í New York. En jú ætli Stanislavski bókinn sé ekki efst á blaði. Hann var snillingurinn.



Plata: Þessa dagana er ég að hlusta á nýtt íslenskt, það er gaman, og er að gefa allskonar skemmtilegu poppi séns, eins og til dæmis Lady GaGa en hún er einmitt alls ekki GaGa hvað varðar að semja lög. En Aretha kellingin Franklin er sú sem ratar alltaf í spilarann með ákveðnu millibili. Hún er drottningin, það er bara þannig.



Vefsíða: Það er njósna og fréttaveitan Facebook sem ég fer oftast inná myndi ég halda. Hvar annarsstaðar fær maður upplýsingar um fólk, til dæmis hver er óléttur, hver á afmæli og æji þið vitið.....



Staður: Hólmavík á Ströndum þar sem ég er fædd og uppalin og New York. Fæ sömu sálrænu næringu á báðum stöðum þó afar ólíkir séu.



ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRA ÞÁTTÖKU Í SUMARLEIK HLEÐSLU Á FÉSBÓK



NY
BRAGÐ-
TEGUND
KÓKOS OG
SÜKKULADI



HLEÐSLA | 100%
ÍÞRÓTTADRYKKUR | HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

WWW.MS.IS

PHOTOPEDIA.COM

Rétta leiðin fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnóttendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum



Ódýrari mínútur

Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*

Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands

590 kr. mánaðargjald

*1.000 mín./ 500 SMS á mán.



3 vinir og 300 SMS

Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina

Eitt mínútuverð í alla innanlands

1.390 kr. mánaðargjald

*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.



6 vinir óháð kerfi

Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*

Eitt mínútuverð í alla innanlands

2.190 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi

*Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.



1000 mínútur

Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*

Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið

7.990 kr. mánaðargjald

*1.000 mín./ 500 SMS á mán.



Ring

Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir

0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða

0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*

*1.000 mín./ SMS á mán.

siminn.is

